

13

5. febr.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greiða kr. 40.00 á dag, en hreppsnefndirnar geta veitt eftirgjöf á greiðslu þessari að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum forstöðu- nefndar. Hreppsnefndirnar setja og reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er þær telja máli skipta í þessu efni, og annast þær allar fjárreiður stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðar árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðanna.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr sveitarsjóði Aðaldælahrepps,  $\frac{1}{3}$  úr sveitarsjóði Reykdælahrepps og  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefndirnar í Aðaldælahreppi og Reykdælahreppi hafa samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í við- lögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1958.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Jón S. Ólafsson.*

14

6. febr.

## REGLUGERÐ

um framleiðslu, mat og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum fiskafurðum.

1. gr.

Skýring hugtaka.

*Niðursoðnar* eru þær fiskafurðir nefndar, sem settar eru í þétt ilát og síðan hitaðar til þess að koma í veg fyrir gerla og sveppagróður.

*Niðurlagðar* eru þær fiskafurðir nefndar, sem settar eru í smásöluumbúðir og rotvarðar með salti, sykri, sýru eða öðrum rotvarnarefnum.

2. gr.

Um vinnsluvottorð.

Hver sá, sem framleiða vill niðursoðnar eða niðurlagðar fiskafurðir til útflutnings, skal sanna með vottorði frá Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans, að hann hafi til þess nothæf tæki, og fullnægi almennum reglum, sem gilda um framleiðslu matvæla. Vottorð þessi skulu endurnýjuð árlega.

3. gr.

Um matsvottorð.

Niðursoðnum og niðurlögðum fiskafurðum, sem fluttar eru út frá Íslandi, skulu fylgja vottorð frá Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans um, að þær séu góð og óskemmd vara og hafi tilskilið geymslupól. Þegar sérstaklega stendur á, heimilast Iðnaðardeildinni þó að gefa vottorð um vöru, sem ekki reynist vera 1. flokks, enda

sé þá umsagnar um ástand hennar getið á matsvottorði. Matsvottorð þarf ekki að fylgja vöru, þegar um er að ræða sýnishorn, sem ekki verða greidd.

14  
6. febr.

## 4. gr.

Iðnaðardeild tekur eða lætur taka sýnishorn af vörunni sem hér segir: Miðað við, að í hverjum kassa séu 48½ kg dósir, skulu teknar frá að minnsta kosti:

Af	25	kassa	sendingu	3	kassar
—	26—50	—	—	6	—
—	51—100	—	—	12	—
—	101—500	—	—	18	—
—	501—1000	—	—	24	—
—	1001—5000	—	—	48	—
—	5001—10000	—	—	96	—

Úr hverjum kassa er tekin 1 dós, og eru þær dósir rannsakaðar á venjulegan hátt. Finnist ekkert athugavert, er rannsókninni lokið og hinir fráteknu kassar afhentir. Sé varan athugaverð, skulu fleiri dósir teknar til rannsóknar, samkvæmt ákvörðun Iðnaðardeildar. Af öðrum dósasamstæðum skal tekinn tilsvarendi hundraðshluti.

Hafi iðnaðardeild eða önnur rannsóknastofnun, sem hún tekur gilda, haft með höndum eftirlit og athugun á vörunni meðan á framleiðslu hennar stóð, getur deildin látið sér nægja færri sýnishorn af vörunni fullbúinni en að ofan greinir.

## 5. gr.

## Merking.

Smásöluumbúðir (dósir, glös, öskjur o. fl.), sem notaðar eru fyrir niðursoðnar eða niðurlagðar fiskafurðir til útflutnings, skulu greinilega merktar með áprentuðum miðum eða steinprenti. Tilgreind skal tegund vörunnar og nettóþyngd, hver sé framleiðandi, og hvenær varan er framleidd. Framleiðslutímann má tilgreina með dulmerki (kvota), ef merkingin hefur verið tilkynnt Iðnaðardeild Atvinnudeildar. Á öllum umbúðum skal auk þess standa skýrum stöfum orðið „Iceland“ eða „Islande“.

## 6. gr.

## Tæknileg aðstoð.

Iðnaðardeildinni er skylt, ef framleiðendur óska, að veita allar tæknilegar upplýsingar og leiðbeiningar, sem kostur er á, varðandi framleiðslu á niðursoðnum og niðurlögðum vörum. Þó skal deildin ekki veita neinar þær upplýsingar, sem hún telur vera verksmiðjuleyndarmál einstakra fyrirtækja.

## 7. gr.

## Gjöld.

Framleiðendur skulu greiða Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans gjald fyrir mat og athuganir á niðursoðnum og niðurlögðum vörum samkvæmt gjaldskrá Atvinnudeildar Háskólans. Þeir greiði og kostnað við töku og flutning sýnishorna. Skoðun á verksmiðjum vegna vinnsluvottorða framkvæmir Iðnaðardeild eða trúnaðarmenn hennar á eigin kostnað, en fyrir vottorð skal framleiðandi greiða kr. 100.00 — eitt hundrað krónur —.

## 8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 kr., nema þyngri hegning liggji við eftir almennum lögum. Sektir renna í rikissjóð.

14

6. febr.

9. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, og öðlast gildi 1. marz 1958.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 6. febrúar 1958.*

Lúðvík Jósepsson.

*Gunnlaugur E. Briem.*

15

18. febr.

## FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Vestmannaeyjar.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vertíð.

#### 2. gr.

Frá 1. janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu seinna að degi en til kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 31. janúar má eigi fara til fiskjar með línu fyrr en kl. 3 f. h. og frá 1. febrúar til 28. febrúar kl. 2 f. m. og frá 1. marz til 15. apríl kl. 1 f. h. og skal farið eftir sólar- eða meðaltíma. Ofangreint er miðað við, að báðir dagar séu meðtaldir.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 16. apríl til 11. maí, að báðum dögum meðtöldum, má róa á öllum tímum nema frá kl. 12 á hádegi til kl. 7 að kveldi.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 1. ágúst til áramóta, má ekki róa fyrr en hér segir:

Í ágúst kl. 24, í september kl. 1 f. h., í október kl. 2 f. h. og í nóvember og desember kl. 3 f. h.

Tímamerkið fyrir báta, sem róa austur fyrir Dyrhólaey, skal gefið á sama tíma og á heimamiðum, í gegnum Vestmannaeyjaradíó á bylgjulengd 2308 kílórið.

#### 3. gr.

Nefnd sú, sem kosin er samkv. 5. grein hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) úr landi, þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er heimilt að fara út á Vík eða inn fyrir Eiði. Sömuleiðis er þeim bátum, er róa ætla á miðin austan Dyrhólaeyjar, heimilt að fara austur að Dyrhólaey. En þar til ljósmerkið er gefið, skulu allir halda sér innan takmarka þeirra, er hér segir:

Þeir, sem eru á Víkinni, mega ekki fara utar en í línu, sem ákveðin er með tveim hvítum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman.

Þeir, sem fara inn fyrir Eiði, mega ekki fara vestar en að græna innsiglingarljósið á Friðarhafnarbryggju beri saman við gult ljós, sem komið er fyrir á miðju þaki mjöhlússins við „Gúanó“ og ekki norðar en miðið Brekaflá á Bjarnarey í Faxasker að norðan. Og þeir, sem eru austar við Dyrhólaey, mega ekki fara austar en að Dyrhólaeyjarviti miðist í misvísandi NA og skulu þeir halda sig innan við 45 faðma dýpi. Út fyrir þessar línur má enginn bátur fara, fyrr en tímamerkið er gefið,